

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 608 29. október 1982, um sérstakt
línusvæði í Reykjavíkjafararál.**

1. gr.

Í stað orðanna „til og með 15. mars 1983“, í 1. mgr. 1. gr. komi: til og með 30. apríl 1983.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandheldi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. mars 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

2. mars 1983

Nr. 91

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 73/1963 um skemmtanaskatt.

1. gr.

Eftir 1. málsg. 1. gr. komi:

Fari fram skemmtun með vínveitingum skal að auki greiða 5,60 af hverjum gesti í skemmtanaskatt og menningarsjóðsgjald. Hækkar sú krónutala til samræmis við vísitölu vöru og þjónustu í fyrsta sinn 1. maí 1983.

3. málsg. 1. gr. hljóði svo:

Á miðunum skal tilgreind fjárhæð skemmtanaskatts og menningarsjóðsgjalds. Ennfremur skal á miðunum gert ráð fyrir því, að veitingamaður hafi rúm til þess að stimpla inn álag hússins á miðaverð. Skal það undanþegið skemmtanaskatti.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkv. lögum nr. 58 12. maí 1970 öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 2. mars 1983.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.